



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 29. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 10. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 13. ÁGÚST 2020

### KL. 15.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2020, þann 13. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 15:00 í ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Aðalsteinn Þorgeirsson varamaður Sigurðar Sigurjónssonar, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, erindi frá Grímnes- og Grafningshreppi um sameiginlegt útböð á sorphirðu í Uppsveitum. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

##### **1. Covid-19: Staða, horfur og viðbrögð.**

Lagðar voru fram til kynningar fundargerðir funda lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum, upplýsingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, upplýsingar um staðgreiðslu og minnisblað frá Ferðamálafulltrúa Uppsveita.

Oddviti og sveitarstjóri fóru almennt yfir stöðuna vegna Covid-19 mála í Hrunamannahreppi, áhrifin á samfélagið og verkefni næstu vikna og mánaða í því sambandi en gera þarf nýja viðauka við fjárhagsáætlun til að mæta áhrifunum.

##### **2. Sorphirða: Viðauki við verksamning.**

Oddviti fór yfir viðauka við verksamning um sorphirðu í Hrunamannahreppi við Íslenska gámafélagið þar sem samningsaðilar nýta sér heimild í verksamningi til að framlengja samninginn um eitt ár. Sveitarstjórn samþykkir að framlengja sorphirðusamninginn um eitt ár og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

##### **3. UMFH: Endurskoðun samstarfssamnings.**

Oddviti kynnti drög að endurskoðuðum samstarfssamningi við UMFH. Sveitarstjórn tekur jákvætt í samningsdrögin og felur oddvita og sveitarstjóra að ræða við stjórn UMFH um endanlega útfærslu hans.

##### **4. Sonus ehf: Samstarfssamningur vegna bæjar- og fjölskylduhátíðarinnar Flúðir um Versló.**

Oddviti kynnti drög að samstarfssamningi við Sonus viðburði ehf vegna bæjar- og fjölskylduhátíðarinnar Flúðir um Versló. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og vísar málinu til atvinnu-, ferða- og menningarnefndar til umfjöllunar.

##### **5. EFLA: Hringtorg á Flúðum.**

Oddviti kynnti drög að hönnunargögnum frá EFLU vegna fyrirhugaðs hringtorgs á Flúðum. Sveitarstjórn fagnar því að þessi bráðnauðsynlega framkvæmd sé fyrirhuguð á næsta ári og hvetur til þess að hönnun og útböð framkvæmda verði flýtt til að hægt verði að bjóða hana út sem fyrst þannig að framkvæmdir geti farið sem fyrst af stað.

##### **6. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um rekstrarleyfi á Efra-Seli.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Kaffi-Sels ehf um rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokki II í Efra-Sel hostel að Efra-Seli. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda beiðni og óskar eftir því send verði afrit leyfisins þegar það liggur fyrir

##### **7. Vegagerð ríkisins: Héraðsvegur að Unnarholtskoti 3.**

Oddviti kynnti bréf frá Vegagerðinni þar sem tilkynnt var að fallist hafi verið á endurupptöku héraðsvegur að Unnarholtskoti 3.

## 8. Lágvöruverslun á Flúðum: Undirskriftarsöfnun.

Oddviti kynnti áskorun og undirskriftarlista 652 einstaklinga til rekstraraðila lágvöruverslana að opna lágvöruverslun á Flúðum. Undirskriftasöfnun fór af stað 13. júní og stóð út júlímánuð vegna óánægju með hátt vöruverð Krambúðarinnar á Flúðum.

Sveitarstjórn tekur heilshugar undir áskorunina og tekur málið alvarlega. Sveitarstjórn mun koma áskoruninni á framfæri auk þess að boða rekstraraðila lágvöruverslana til viðræðna um uppbyggingu á lágvöruverslun í sveitarfélaginu. Að geta verslað í heimabyggð vörur á viðráðanlegu verði er hluti af grunnþjónustu sem skiptir miklu máli í almennum lífskjörum íbúa í sveitarfélaginu en hátt vöruverð á svæðinu kemur mest niður á þeim sem hafa ekki kost á að fara annað til að versla. Það er líka nauðsynlegt að okkar fjölmörgu gestir hafi kost á því að versla á viðráðanlegu verði.

Einnig má geta þess að það að geta fækkað ferðum í næstu lágvöruverslun sem staðsett er á Selfossi og myndi leggja lóð á vogarskálarnar í að minnka kolefnisútblástur.

## 9. Grímsnes- og Grafningshreppur: Húsnæðismál UTU.

Oddviti kynnti erindi frá Grímsnes- og Grafningshreppi þar sem boðið er fram húsnæði fyrir starfsemi UTU bs. í skrifstofuhúsnæði sem fyrirhugað er að byggja á Borg. Sveitarstjórn tekur undir nauðsyn þess að bæta húsnæðismál UTU bs. Fyrir á þessu ári var samþykkt að láta vinna hugmyndir af endurbótum á húsnæðinu á Laugarvatni. Einnig er bent á í þessu sambandi að nú fyrir í sumar bauðst embættinu húsnæði á Hrunamannavegi 3 á Flúðum undir starfseminu. Sveitarstjórn er sammála um að nauðsynlegt er að fyrir liggi nákvæm kostnaðargreining og greining á hagkvæmni í staðarvali á öllum þeim kostum sem liggja fyrir áður en til endanlegrar ákvörðunar kemur.

### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

#### 10. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps: Fundargerð 12. fundar frá 1. júlí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar atvinnu-, ferða- og menningarnefndar sem var vinnufundur fyrir viðburði sumarsins 2020. Vegna aðstæðna vegna Covid var ákveðið að hafa viðburði verslunarmannahelgarinnar í minni kantinum og að skipuleggja minni viðburði yfir sumartímann og safna saman og koma á framfæri upplýsingum um þá. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

#### 11. Fundargerð 199. fundar skipulagsnefndar frá 12. ágúst og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 1. júlí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 199. fundar skipulagsnefndar frá 12. ágúst og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 1. júlí s.l.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

##### **Mál nr. 24. Reykjalaus. Stofnun lóðar.**

Lögð er fram umsókn Páls Orra Þrastarsonar f.h. landeigenda, dags. 10. júlí 2020, um stofnun lóðar úr landi Reykjabakka L166812. Óskað er eftir að stofna 27.862 fm land sem fengi heitið Reykjalaus. Aðkoman er frá Hrunavegi (344) eins og sýnd er á meðfylgjandi uppdrætti. Fyrirhugað er að fá lögbýlisleyfi og byggja íbúðarhús og hesthús/skemmu fyrir grænmetisræktun á landinu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að stofnun lóðar úr upprunalandi Reykjabakka verði samþykkt með fyrirvara um lagfærð gögn. Nefndin mælist til að þess að unnið verði deiliskipulag fyrir lóðina til að skilgreina framtíðar byggingarheimildir innan hennar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar úr upprunalandi Reykjabakka með fyrirvara um lagfærð gögn, m.a. umsögn Vegagerðarinnar og eigenda aðliggjandi lands, og mælist jafnframt til að unnið verði deiliskipulag fyrir lóðina til að skilgreina framtíðar byggingarheimildir innan hennar.

### **Mál nr. 25. Kriki. Umsókn um byggingarleyfi.**

Lögð er fram umsókn Sigurðar Unnars Sigurðssonar fyrir hönd Meistari Loftur ehf, móttekin 11.03.2020 um byggingarleyfi til að byggja hús sem er skipt upp í þrjú rými, íbúð, bílageymsla og hesthús 250 m<sup>2</sup> á íbúðarhúsalóðinni Kriki 1 (L229568) í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki sé gerð athugasemd við útgáfu byggingarleyfis á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir útgáfu byggingarleyfis á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

### **Mál nr. 26 Steinhlið. Deiliskipulagsbreyting á miðsvæði Flúða.**

Lögð er fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi fyrir þéttbýlið að Flúðum. Í breytingunni felst breyting á afmörkun lóðar við Túngötu. Lóðin stækkar til austurs úr 1049 fm í 1311 fm eftir breytingu. Nýtingarhlutfall lóðar breytist úr 0,35 í 0,30. Núverandi göngustíg er breytt í samræmi við loftmynd. Engar aðrar breytingar eru gerðar á deiliskipulaginu. Óskað er eftir því að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagsbreyting verði samþykkt og fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagsbreytinguna og að hún fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

### **Mál nr. 28. Afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 1. júlí s.l.**

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. júlí s.l.

### **Önnur mál.**

#### **12. Erindi frá Grímsnes- og Grafningshreppi um sameiginlegt útboð á sorphirðu í Uppsveitum.**

Oddviti kynnti erindi frá Grímsnes- og Grafningshreppi um að kanna áhuga sveitarfélaganna í Uppsveitum á sameiginlegu útboði á sorphirðu í Uppsveitum. Sveitarstjórn vísar erindinu til umfjöllunar í umhverfisnefnd og afgreiðir það á næsta sveitarstjórnarfundum.

### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

#### **a. Bergrisinn bs.: Fundargerð 18. fundar stjórnar frá 24. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

#### **b. Bergrisinn bs.: Fundargerð 19. fundar stjórnar frá 6. júlí s.l.**

Lagt fram til kynningar.

#### **c. Skólabjónustu- og velferðarnefnd Árneshöfða: Fundargerð 43. fundar frá 20. júlí s.l.**

Lagt fram til kynningar.

#### **d. SASS: Fundargerð 559. fundar stjórnar frá 29. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

### **Kynningarmál:**

#### **e. Verkís: Fundargerð fundar vegna sameiginlegrar vatnsveitu Uppsveita frá 25. júní n.k.**

Lagt fram til kynningar.

#### **f. Vegagerð ríkisins: Fjárveiting til styrkvega 2020.**

Lagt fram til kynningar.

#### **g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað um forsendur fjárhagsáætlana 2021-2024.**

Lagt fram til kynningar.

#### **h. Golfklúbburinn Flúðir: Aðalfundargerð og uppgjör vegna 2019.**

Lagt fram til kynningar.

### **Fundir framundan:**

#### **i. Sumarfundur ríkisstjórnarinnar: Rangárþingi Ytra 18. ágúst n.k.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:50.